

Tæknilýsing

Termix VX tengigrind fyrir lokuð hitakerfi í búðar- og sumarhúsa

Sérstaklega hönnuð og framleidd fyrir íslenskar aðstæður

Notkun

Víða á Íslandi eru uppleyst efni í hitaveituvatninu sem notað er til hitunar eða neyslu. Þessi efni geta valdið útfellingum í lögnum og stjórnbúnaði. Yfirleitt eru þessi efni talin skaðlaus, en með tímanum fara þau að hafa áhrif á stjórnbúnað hitakerfa og trufla þannig virkni stjórnbúnaðarins. Hægt er að komast hjá þessu með því að nota varmaskipti sem notar „óhreina“ hitaveituvatnið til þess að hita upp hreint ferskvatn til upphitarar í lokuðu hringrásarkerfi. VX tengigrindin er með einum varmaskipti, til notkunar fyrir t.d. lokuð ofna- eða gólfhitakerfi. Þetta kemur ekki aðeins í veg fyrir að útfellingar trufla stjórnbúnað kerfanna, heldur minnka lokuð kerfi stórlega líkur á tæringarvandamálum með tilheyrandi vatnstjónum.

Búnaður


VX tengigrindin er með hefðbundnum AVTB hitastilli, sem er með áratuga reynslu við íslenskar hitaveituaðstæður. Sérstök athygli er vakin á því að Danfoss framleiðir margar gerðir af tengigrindum, sem t.d. eru eingöngu fyrir heitt neysluvatn, snjóbræðslur, ofna- eða gólfhitun, sem og tengigrindur sem eru bæði fyrir neysluvatn og hitun í húsnæði af hvaða stærð og gerð sem er.

Efni


Öll rör og plötur í varmaskipti VX tengigrindarinnar eru úr ryðfríu stáli. Allar rötatengingar eru skrúfaðar og með völdum gæðapéttingum. Þá er einnig hægt að fá snyrtilegan skáp úr hvítlökkuðu blikki til þess að hylja grindina á veggnum (sjá mynd). VX tengigrindin er, eins og allar tengigrindur frá Danfoss, afar auðveld í uppsetningu og notkun.

HELSTU EIGINLEIKAR

- Minni tæringarhætta
- Minni hætta á vatnstjónum
- Sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður
- Vönduð vara úr ryðfríu efni
- Hentar jafnt í búðarhúsum sem sumarhúsum
- Hægt að hafa frostlög á í lokuðu hliðinni



Tengimynd - dæmi




Tæknilýsing

Vinnubrýstingur	PN 16
Hitastig veituvatns	$T_{max} = 120\text{ °C}$
Lóðefni í varmaskipti	Kopar
Þyngd með hlíf	30 kg með umbúðum
Mál án hlífar	H 750 x B 500 x D 360 mm
Mál með hlíf	H 800 x B 540 x D 430 mm
Efni í hlíf	Hvítlakkað blikk
Hitastillir	AVTB 20 - 60 °C
Varmaskiptir í VX-3	XB24-H 24
Varmaskiptir í VX-4	XB24-H40
Varmaskiptir í VX-6	XB24-H 50

Tengingar

(1) Hitaveita framrás	20 mm hlaupró
(2) Hitaveita bakrás	20 mm hlaupró
(3) Hringrásarkerfi framrás	20 mm hlaupró
(4) Hringrásarkerfi bakrás	20 mm hlaupró
(5) Heitt neysluvatn	20 mm hlaupró



Málsetning á tengingum séð ofan frá

Afköst hitakerfis

Gerð tengigrindar	Afköst	Hlið 1 hitaveita	Hlið 2 hringrás	Hlið 1 þrýstifall	Hlið 2 flæði
	kW	°C	°C	kPa	l/m
144H2488 VX - 3	8	65 / 35	60 / 30	10	3,84
	10	70 / 35	63 / 30	10	4,40
	15	75 / 35	65 / 30	10	5,82
144H2489 VX - 4	14	65 / 35	60 / 30	10	6,60
	18	70 / 35	63 / 30	10	7,80
	27	75 / 35	65 / 30	10	11,40
144H2490 VX - 6	22	65 / 35	60 / 30	10	10,40
	29	70 / 35	63 / 30	10	13,00
	43	75 / 35	65 / 30	10	18,40

Ofangreind afköst miðast við vatn í báðum hliðum varmaskiptis

Danfoss hf tekur ekki ábyrgð á hugsanlegum villum í bæklingum eða öðru prentuðu máli. Danfoss áskilur sér allan rétt til breytinga á framleiðslu sinni, án undangenginnar viðvör- unar, þar á meðal á vörum sem eru í þöntum, svo framarlega sem það veldur ekki breytingum á umsömdum gildum. Öll vörumerki í tæknilýsingunum tilheyra viðkomandi fyrirtækj- um. Danfoss nafnið og Danfoss vörumerkið eru eign Danfoss A/S. Öll réttindi áskilin.